

# Aðallega abstrakt en gætir oft áhrifa frá náttúrunni

## Rætt við Guðmund Benediktsson myndhöggvara

Sem kunnugt er stendur nú yfir haustsýning. Félags íslenskra myndlistarmanna að Kjarvalsstöðum og lýkur henni



að kvöldi sunnudags 23. október. Eru verk eftir 41 listamann á sýningunni og meðal þeirra er Guðmundur Benediktsson myndhöggvari. Blm. Mbl. leit við á vinnustofu Guðmundar og tók hann tali, en þar var hann að vinna að verki úr eir, sem er eitt þeirra efna er hann notar einna mest.


Guðmundur Benediktsson er lærður trésmiður, húsgagnsmiður, og lauk hann prófi frá Iðnskólanum 1940 og starfaði eftir það í nokkur ár við húsgagnsmiði, rak verkstæði með bróður sínum. Auk þess sem hann smíðaði, teiknaði hann húsgögn. Um þrítugt, eða árið 1950 hóf hann nám í Myndlist-

arskólanum hjá Asmundi Sveinssyni.


— Eg var þar við nám í ein 5 til 6 ár, sagði Guðmundur og gekk ég svo í Félag íslenskra myndlistarmanna árið 1957 og hef því verið þar félagsmaður í rétt 20 ár. Á þessum árum lagði ég húsgagnsmiðina alveg á hilluna og hóf smám saman að vinna eingöngu að höggmynda-gerðinni og hefur það verið mitt :óalstarf undanfarin ár.

Auk þess að vinna að list sinni hefur Guðmundur starfað mikið í F.I.M. og m.a. sett upp sýningar:

— Það er gaman á fást við að setja upp sýningar, en ég hef gert nokkuð af því að undanförunu og hef ég gaman af að



Á myndunum tveim eru eirmyndir, sem Guðmundur hefur gert á þessu ári en allar þessar myndir eru á sýningunni á Kjarvalsstöðum.



Guðmundur Benediktsson myndhöggvari er hér við störf á vinnustofu sinni við Laufásveg í Reykjavík. Ljós. Rax.

starfa þannig með myndlistarmönnum, bæði málurum og myndhöggvurum. Við vorum til skamms tíma fáir, en það er alltaf að fjölga í félaginu, það eru orðnir nokkuð margir, sem leggja leið sína í myndlistarskóla og það er nauðsynlegt og gott að halda sambandi við félagana.

Guðmundur hefur tekið þátt í fjölda sýninga, bæði samsýningum F.I.M. hér á landi, svo og samsýningum erlendis, norrænum sýningum, sýningum í Bandaríkjunum, Hannover í Þýskalandi og Rostock í Þýzka alþýðulýðveldinu. Um verk sín og efnivið sagði Guðmundur:

— Þetta er aðallega skúlp-túr, ég var áður með myndrænni verkefni, en hef síðan farið meira út í skúlpúrinn. Hef ég aðallega unnið í tré og



Myndin, sem Guðmundur stendur við, nefnist Skúlp-túr og er úr eir.

siðar í járn og eir, sem er aðal-efniviðurinn hjá mér núna og hefur verið tvö síðustu ár, eins og verkin á sýningunni bera með sér, þau eru öll úr eir og unnin á þessum tveim síðustu árum. Abstrakt á aðallega upp á pallborðið núna hjá mér, en ég hef gaman af að rólta um í náttúrunni og sækji verkefni stundum þangað, eða áhrifa gætir stundum frá því getum við sagt.

— Vinnudagurinn er nokkuð reglulegur hjá mér, það gengur best þannig, en það ruglast kannski eitthvað þegar maður er að fást við önnur verkefni um leið.

Listasafn Íslands á tvær myndir eftir Guðmund Benediktsson og hefur mátt sjá þar m.a. á göngum Þjóðleikhússins, skólar hafa keypt verk hjá honum og hann hefur einnig selt til Danmerkur. Að lokum er Guðmundur Benediktsson spurður

Framhald á bls. 63

### 1. des. nefnd stúdenta:

## „Menntun og mannréttindi“ eða „Kvenfrelsisbarátta“

MORGUNBLAÐINU hefur borið fréttatilkynning frá kjörstjórn 1. des. nefndar í Háskóla Íslands:

Kosning til 1. des. nefndar 1977 fer fram í Sigtúni við Suðurlandsbraut laugardaginn 22. október nk.



Í framboði eru tveir listar, A-listi VÖKU og B-listi VERÐANDI. VAKA býður fram efnid MENNTUN OG MANNRETTINDI og nefndarmenn: 1. Anna Sverrisdóttir, 2. Auðunn Svavar Sigurðsson 3. Einar Örn Thorlacius, 4. Kristinn Arnason, 5. Otto Guðjónsson, 6. Stefán Jónsson, 7. Sveinn Geir Einarsson.

VERÐANDI býður fram efnid KVENFRELSISBARATTAN og nefndarmenn: 1. Aðalheiður Steingrimsdóttir, 2. Guðrún Pálína Héðinsdóttir, 3. Jón Ingi Sigurbjörnsson, 4. Mördur Arnason, 5. Svava Guðmundsdóttir, 6. Þórunn Reykdal, 7. Örn Daníel Jónsson.

Fundurinn hefst kl. 14 með framsöguræðum beggja lista. Síðan hefjast almennar umræður. Kosning hefst kl. 15 og stendur þar til mælendaskrá er tæmd, en húsini verður lokað kl. 17.

Stúdentum er bent á að hafa með sér stúdentaskírteini.

Kjörstjórn 1. des. nefndar 1977.



STÓR - STÆRRI - STÆRSTUR

# RENAULT SENDIBÍLAR

Hvort sem flutningsþörfin er lítil eða mikil þá er hægt að fá Renault sendiferðabíl sem hæfir þörfinni. Við getum útvegað sendiferðabíla með burðarþoli frá 420 kg til 1000 kg. Renault sendiferðabílar eru á mjög hagstæðu verði og rekstrarkostnaður er í lágmarki.

RENAULT



KRISTINN GUÐNASON HF.  
SUÐURLANDSBRAUT 20, SÍMI 86633